



FJARÐABYGGÐ

# **Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar árið 2017**

Tillaga til fyrri umræðu í bæjarstjórn

3. nóvember 2016

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>EFNISYFIRLIT .....</b>   | <b>2</b>  |
| <b>1.1. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017 .....</b>                                 | <b>3</b>  |
| <b>1.2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2017 .....</b> | <b>6</b>  |
| <b>1.3. FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2017.....</b>           | <b>8</b>  |
| <b>1.4. FJÁRFESTINGAÁÆTLUN 2017.....</b>                              | <b>12</b> |
| <b>1.5. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2017 .....</b>      | <b>13</b> |
| <b>1.6. REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2017.....</b>       | <b>15</b> |
| <b>1.7. EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2017.....</b>       | <b>16</b> |
| <b>1.8. SJÓÐSSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2017 .....</b>    | <b>17</b> |
| <b>1.9. MÁLAFLOKKAYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2017 .....</b>       | <b>18</b> |

## 1.1. Fjárhagsáætlun 2017

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2017 er hér með lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Óvissa er á þessum tímamarki um endanlega niðurstöðu áætlunarinnar vegna aðstæðna í ytra umhverfi sveitarfélagsins, auk þess sem vinna þarf frekar að leiðum til aukinnar hagræðingar í rekstri A- hluta sveitarfélagsins. Tillagan þarfnast af þeim sökum lengri umfjöllunar á milli umræðna í bæjarstjórn og kann það að hafa áhrif á efnislega niðurstöðu hennar. Þá liggur enn ekki endanlega fyrir hvor mótframlag til lífeyrissjóða mun aukast frá og með áramótum, en það mun auka launakostnað sveitarfélagsins um 56. millj. kr.

Þá er ljóst að útsvarstekjur eru lægri á árinu 2016 en ráð var fyrir gert og óvissa nokkur í uppsjávarveidum s.s. loðnuvertíð á komandi ári. Sett hefur verið varúðarfærsla í útsvarsáætlun sveitarfélagsins vegna þessa.

Að venju samanstandur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar samtekt á A- og B-hluta ásamt greinargerð. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóðir, en veitustofnanir í B-hluta, rafveita, hitaveita, vatnsveita og fráveita, auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar.

Grunnmarkmið fjárhagsáætlunarinnar er að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélagsins með hallalausum rekstri. Í megindráttum er unnið að því marki með tvenns konar hætti.

- Bæjarsjóður standi undir afborgunum lána ásamt öðrum skuldbindingum. Þetta markmið, að rekstur sveitarfélagsins standi undir sér, kallar á stöðugt eftirlit með því að jafnvægi sé á milli tekna og gjalda. Lækki tekjur þarf að tryggja að gjöld lækki á móti, svo að sveitarfélagið sé ekki rekið með tapi. Hallarekstur grefur undan rekstrargrundvelli til bæði skemmri og lengri tíma litið. Skv. niðurstöðum fjárhagsáætlunarinnar, nemur afgangur af heildarrekstri sveitarfélagsins í A- og B-hluta 319 millj.kr. og er svipuð niðurstaða og útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir. Í A-hluta er reksturinn í járnnum, afgangur um 495 þús. kr. Ljóst er, að vinna verður að tillögum til betri rekstrar á milli umræðna um fjárhagsáætlunina.
- Lán eru ekki tekin fyrir rekstri eða reglubundnum afborgunum lána. Samhliða uppbyggingu álvers á árunum 2004 – 2008 og þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem þá átti sér stað, var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar í innviðum sveitarfélagsins á skömmum tíma. Þær aðgerðir kölluðu á lántökur, sem var því aðeins stofnað til, að aukin atvinnustarfsemi gerði sveitarfélaginu kleift að standa undir auknum skuldbindingum. Þrátt fyrir efnahagshrunið árið 2008, hafa þessar áætlanir gengið eftir og er skuldsetning sveitarfélagsins nú innan lögbundinna viðmiðunarmarka, en það markmið náðist á árinu 2015, þremur árum fyrr en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Lántökur vegna fjárfestinga eru eðlilegur hluti af starfsemi sveitarfélaga, standi rekstur á annað borð undir skuldbindingum. Hvað Fjarðabyggð snertir, er sveitarfélaginu á hinn bóginn skylt að vinna áfram að lækkun skuldaviðmiða m.a. til þess að lækka vaxtagreiðslur og afborganir og hafa þannig aukið svigrúm til að auka þjónustu og

byggja áfram upp innviði sveitarfélagsins. Aukin lántaka hjá Fjarðabyggð vinnur gegn þessum markmiðum og af þeim sökum verður að tryggja að handbært fé sé til staðar, svo að sveitarfélagið þurfi ekki að sækja yfirdráttarlán til lánastofnana. Þessu marki verður náð með fjárhagsáætlun ársins 2017, þó að gangi á handbært fé vegna framkvæmda og það sé nú í lágmarki.

- Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði um 1.067 millj. kr. til að standa straum af reglubundnum afborgunum lána upp á 483 millj. kr. og fjárfestingum fyrir 710. millj. kr. Ljóst er því að gengið verður á handbært fé Fjarðabyggðar á árinu 2017 en í árslok 2017 er áætlað að handbært fé verði um 150 millj. kr.

Hvað útsvarstekjur sveitarfélagsins snertir, er gert ráð fyrir lítilsháttar hækkun á milli ára frá útgönguspá ársins 2016, en hafa verður þann vara á, að magn- og verðþróun á útflutningi fisk- og álafurða getur haft þar áhrif á. Ræðst það m.a. af gengi í uppsjárvarveidum, sér í lagi á loðnu, sem og skerðingum í kvóta. Tekjuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er því venju samkvæmt unnin af varúð. Tekjugrunnurinn er engu að síður sterkur; hvílir á stöðum öflugra fyrirtækja í sjávarútvegi, áframleiðslu og tengdri þjónustu.

Þjónustuiðnaður við útflutningsgreinarnar skiptir verulegu máli og er vaxandi þáttur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, spretta fram af álversuppbyggingunni og munar mikið um starfsemi þeirra. Líkt og í fjárhagsáætlun fyrri ára, má einnig merkja aukinn kraft í almennri þjónustu, s.s. ferðaþjónustu, veitinga- og gistihúsarekstri, verslun o.fl. Framboð í gistingu hefur verið að aukast og einnig í veitingaþjónustu og afþreyingu. Mun það laða fleiri ferðamenn að og skjóta enn styrkari stöðum undir vöxt þessara þjónustugreina. Fleiri jákvæð teikn eru á lofti, s.s. beint flug frá Lundúnum til Egilsstaða sem hófst í maí s.l. og viðkoma skemmtiferðaskipa í höfnum Fjarðabyggðar. Allt styrkir þetta samfélagsþróun og rekstrargrundvöll sveitarfélagsins.

Hvað útgjaldahliðina varðar, verður aðhald mikið í rekstri sveitarfélagsins og dregið verður úr sumum rekstrarþáttum, eins og lýst er í starfsáætlunum. Mikilvægt er til skemmri og lengri tíma litið, að dregið verði úr rekstrarumfangi sveitarfélagsins, án þess þó að það komi niður á þjónustu við íbúa. Skoða verður áfram hvernig ná megi fram hámarks hagræðingu í þjónustu, stuðla að hagræðingu ýmissa rekstrarþátta stofnana og einfalda stjórnun þeirra. Þessi vinna hefur verið í gangi á undanförunum árum, m.a. með utanaðkomandi ráðgjöf og samráði við íbúa sveitarfélagsins og hefur þegar skilaði af sér álitlegum tillögum og ábendingum, eins og rakið er í skýrslu KPMG, *Fjarðabyggð til framtíðar*. Mikilvægt er að þessi umfangsmikla og vandaða vinna nýtist áfram í rekstri sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlunin leggur áframhaldandi áherslu á velferð fjölskyldufólks í Fjarðabyggð. Fæðisgjaldskrá grunnskóla og gjaldskrá leikskóla og tónlistarskóla standast enn samanburð við önnur sveitarfélög, sbr. systkinaafslátt í leikskólum sem og milli frístundaheimila og leikskóla. Systkinaafsláttur leikskólagjalda er óbreyttur og er, ásamt tónlistarskólajöldum, með því hagstæðasta sem gerist á landinu. Einnig er stefnt að því að styrkja starf leik- og grunnskóla á árinu 2017, sbr. áframhaldandi átak í læsi, stærðfræði og raungreinum, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í umhverfismálum verður áfram unnið að deiliskipulagi hverfa og svæða, eins og nánar er fjallað um í starfsáætlun. Mikilvægt er að sá aukni metnaður og áþreifanlegi árangur haldist, sem náðst hefur í fegrun bæjarkjarna. Sorpflokkun og endurvinnsla skipar sífellt stærri sess í rekstri sveitarfélagsins. Unnið verður að því markvisst, að lækka kostnað íbúa vegna sorphirðu samhliða aukinni endurvinnslu og minni úrgangsurðun. Áfram verður því áhersla á umhverfismál í þágu samfélagsins og náttúrunnar.

Framkvæmdir verða töluverðar á árinu 2017 líkt og undanfarin ár. Auk þess sem unnið verður áfram að ofanflóðavörnum í Neskaupstað og á Eskifirði, verður hönnun unnin á stækkun leikskóla á Eskifirði og Reyðarfirði, nýr snjótroðari verður keyptur ásamt áframhaldandi uppbyggingu gatna. Þá verða framkvæmdir áfram töluverðar á vegum Fjarðabyggðarhafna. Heildarfjármagn til framkvæmda á árinu 2017 er áætlað 710 m.kr. Gert er ráð fyrir að sterk sjóðsstaða og fjárflæði frá rekstri standi undir fjárfestingum sem og afborgunum ársins..

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins á síðustu árum og dregið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins með sérstaka áherslu á fræðslu-, uppeldis- og æskulýðsmál.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2017 munu flestar gjaldskrár hækka í samræmi við áætlaða verðlagsþróun, með undantekningum þó. Einkum verður í því efni horft til þeirra gjaldskrára er standast ekki samanburð við önnur sveitarfélög.

Eins og komið hefur í ljós, draga sterkir innviðir sveitarfélagsins að sér áhuga fjárfesta. Hefur þessi áhugi einkum beinst að atvinnuuppbyggingu í hafnsækinni starfsemi, s.s. vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Þá er áfram einnig áhugi fyrir laxeldi í fjörðum Fjarðabyggðar. Slíkur áhugi sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins til framtíðar litið, sem endurspeglast í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram.

Eins og áður segir, verður mikið aðhald í rekstri sveitarfélagsins á næstu árum og áfram verður hagræðingartækifæra leitað. Sú fjárhagsáætlun, sem hér er lögð fram, er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Skal nú vikið að helstu niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2017.

## 1.2. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017

Heildartekjur samstæðu A og B hluta eru áætlaðar 6.165 m.kr. á árinu 2017 en heildarkostnaður 5.453 m.kr. Þar af eru launaliðir 3.104 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.903 m.kr. og afskriftir 445 m.kr. Heildartekjur í A-hluta eru áætlaðar 4.736 m.kr. en heildarkostnaður 4.467 m.kr. Þar af eru launaliðir 2.843 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.405 m.kr. og afskriftir 213 m.kr.

Rekstrarafgangur samstæðu A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 712 m.kr. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 275 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 319 m.kr. en rekstrarafgangur í A hluta að fjárhæð 0,5 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld samstæðu eru áætluðuð 393 m.kr. og 275 m.kr. hjá A-hluta.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 8.486 m.kr. í árslok 2017 hjá samstæðu A og B hluta og 7.880 m.kr. hjá A hluta. Þar af eru reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 2.217 m.kr. hjá samstæðu og 2.082 m.kr. hjá A-hluta. Á meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi eru skuldir við lánastofnanir 4.931 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir 138 m.kr. hjá samstæðu. Hjá A hluta eru skuldir við lánastofnanir á meðal langtímaskulda að fjárhæð 3.213 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir að fjárhæð 125 m.kr.

Í 64 gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, er tóku gildi 1. janúar 2012, er kveðið á um að skuldaviðmið A og B hluta sé ekki hærra en sem nemur 150% af reglubundnum tekjum Fjarðabyggðar. Gefinn var 10 ára aðlögunartími til að ná hlutfallinu eða til ársins 2022 en Fjarðabyggð uppfyllti ekki þetta skilyrði laganna. Miðað við skilgreiningu á skuldaviðmiði, samkvæmt útgefinni reglugerð, var framangreindu skuldaviðmiði náð í árslok 2015 hjá samstæðunni og var þá um 141%. Í árslok ársins 2017 er skuldaviðmið samstæðu Fjarðabyggðar áætlað um 123%. Miðað við langtímaáætlun bæjarstjórnar fyrir árin 2013-2023, var gert ráð fyrir að sveitarfélagið myndi ná viðmiðunarhlutfallinu, 150%, í árslok 2018.

Í fjárhagsáætlunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að horfa á sjóðstreymi í A hluta með það að markmiði að handbært fé standi undir greiðslum af lánunum og framkvæmdum. Það markmið næst ekki á árinu 2017 vegna mikilla fjárfestinga. Þá hefur verið lögð áhersla á að rekstur B hluta fyrirtækja sé í rekstrarlegu jafnvægi og sjóðflæði standi undir öllum skuldbindingum.

Eigið fé samstæðunnar er áætlað 3.879 m.kr. í árslok 2017 og eiginfjárhlutfall 31,4%. Í A hluta er eigið fé einnig áætlað jákvætt eða um 193 m.kr. í árslok 2017.

Í sjóðstreymisyfirliti er handbært fé frá rekstri í samstæðu 2017 áætlað 1.067 m.kr. og afborganir langtímalána 484 m.kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nemur 105 m.kr. Handbært fé frá rekstri í A hluta nemur 439 m.kr. og greiðslur til A hluta af langtímakröfum eru 40 m.kr.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 331 m.kr. í A hluta. Lokagreiðsla varð samkvæmt lánasamningi við Lánasjóð sveitarfélaga á árinu 2016 að upphæð um 650 m.kr. Greiðslan var fjármögnum með skammtímaláni fram á árið 2017. Áætlunin gerir ráð fyrir að þessari skammtímafjármögnun verði breytt í langtímalán á gjalddaga þess í febrúar á komandi ári..

Gert er ráð fyrir að hluti sveitarfélagsins í framkvæmdum við snjóflóðavarnarmannvirki á Eskifirði og í Neskaupstað á árinu 2017 verði fjármagnaður með láni frá Ofanflóðasjóði samtals að fjárhæð 15 m.kr.. Handbært fé í árslok 2017 er áætlað 150 m.kr.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er framlegðarhlutfall (EBIDTA) 18,8% í samstæðu og 10,3% í A hluta. Háar útsvarstekjur á íbúa, hátt atvinnustig og sterk staða fyrirtækja á svæðinu gerir það að verkum að sveitarfélagið getur tekist á við rekstur og skuldir á komandi ári.

Heildarfjárfesting á árinu 2017 er áætluð samtals 710 m.kr. og þar af 203 m.kr. í A hluta. Ráðgert er að verja 416 m.kr. í fjárfestingum við hafnarmannvirki og 84 m.kr. í ýmiss veitumannvirki.

Til viðhaldsverkefna á fasteignum Fjarðabyggðar og leiguíbúðum er gert ráð fyrir að verja um 118 m.kr.

### 1.3. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017.

#### **Skatttekjur:**

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2017 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 3.434 m.kr. samanborið við 3.321 m.kr. í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Breytingin á milli ára nemur 3,4% og skýrist hún af hækkun útsvarstekna, fasteignaskatts og lóðarleigu.

#### *Útsvar:*

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 1% frá áætlun ársins 2016 og verði 2.697 m.kr. á árinu 2017 samanborið við 2.670 m.kr. í áætlun ársins 2016. Útsvarstekjur ársins 2016 stefna hins vegar í að verða um 2.570 m.kr eða um 100 m.kr. undir áætlun ársins 2016. Vegna mikillar óvissu í loðnuveiðum, gengisstyrkinar íslensku krónunnar, breytinga í áliðnaði og áhrifa viðskiptabanns Rússa á innflutning á sjávarafurðum er í þessar fjárhagsáætlun gert ráð fyrir að útsvarstekjur Fjarðabyggðar hækki einungis um 5% milli áranna 2016 til 2017 þ.e. frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2016, að teknu tilliti til varúðarfærslu.

Mikil óvissa ríkir um veiði á loðnu á árinu 2017. Áfram er gert ráð fyrir í hagspám styrkingu íslensku krónunnar sem mun hafa neikvæð áhrif á útsvarstekjur. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hefur því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Gert er ráð fyrir að aðrar veiðiheimildir í uppsjávarfiski haldist lítt breyttar milli ára. Mat á spá fyrir hafnargjöld og útsvarstekjur er varfærin og breytingin frá væntri útkomu ársins 2016 því lítil.

Nú hafa verið gerðir kjarasamningar við allar starfsstéttir Fjarðabyggðar nema grunnskóla- og tónskólakennara. Áætlunin byggir á núverandi kjarasamningum og á nálgun á væntingum um aðra samninga.

Ekki er í þessari tillögu að fjárhagsáætlun gert ráð fyrir hækkuðum framlögu launagreiðenda til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Stjórnir Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og LSR, lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, hafa báðar tilkynnt um hækkun mótframlaga frá janúar 2017. Tillagan að fjárhagsáætlun ársins 2017 miðast viðast við að það muni nást samkomulag um meðferð lífeyrisréttinda fyrir áramót. Ef það samkomulag næst ekki má gera ráð fyrir að launakostnaður hækki um 56 m.kr. hjá Fjarðabyggð á árinu 2017 frá núverandi tillögu að fjárhagsáætlun.

Ekki er reiknað með eftiráálagningu útsvars vegna ársins 2016 í útsvarstekjum ársins 2017. Eftiráálagning nam um 48 m.kr. á árinu 2016.



#### *Fasteignaskattar og lóðarleiga:*

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að álagningarhlutföll fasteignaskatts og lóðarleiga á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði standi óbreytt á árinu 2017 frá árinu 2016.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðarleigu er byggt á útgefni fasteigna- og lóðarmati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2017. Samkvæmt útgefni mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 6%, atvinnuhúsnæðis um 6,6%, en matsstofn lóðarleigu íbúðarhúsnæðis um 8,2% og matsstofn atvinnuhúsnæðis um 9,4%. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarhlutföllum á árinu 2017:

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði óbreytt eða 0,50%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%
- álagningarhlutfall lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,70%.
- álagningarhlutfall lóðarleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur sem nemur 9 m.kr. á íbúðarhúsnæði og 11 m.kr. á atvinnuhúsnæði. Á sama hátt mun lóðarleiga vegna íbúðarhúsnæðis hækka um 2 m.kr. og 4 m.kr. vegna atvinnuhúsnæðis. Áætlað er að um 5,8 m.kr. verði veittar í afslátt til elli- og örorkuþega af fasteignaskatti á árinu 2017 og miðað við sömu meginforsendum afsláttar og áður.

Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 6 m.kr. á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

#### *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:*

Gert er ráð fyrir að framlög frá jöfnunarsjóði verði í samræmi við útgefna áætlanir sjóðsins á árinu 2016 eða 2017 og nemi samtals 547 m.kr. á árinu. Tekjur jöfnunarsjóðs grundvallast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem síðan er deilt út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars vegna næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans)
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,99% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra)
- Vaxtatekjur.

#### **Aðrar fasteignatengdar tekjur:**

##### *Vatnsgjald:*

Vatnsgjald er áætlað óbreytt á milli ára eða 0,28% af húsmati. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 114 m.kr. og hækka um 8 m.kr. í krónum talið.

#### *Holræsagjöld:*

Holræsagjald er áætlað óbreytt á milli ára eða 0,32% af fasteignamatstofni. Tekjur af holræsagjaldi eru áætlaðar 128 m.kr. og hækka um 7 m.kr. í krónum talið.

#### *Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld:*

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld er áætlað að hækki um 18% á árinu 2017. Gjaldið fyrir sorphreinsun verður 28.070 kr. og 13.322 kr. fyrir úrgangsförgun. Útreiknuð hækkun tekna er áætluð 14 m.kr. vegna þessa.

### **Gjaldskrár**

Útgefið viðmið vegna gjaldskráa á árinu 2017 er áætluð verðlagsþróun ársins að teknu tilliti til verðlagsþróunar og breytingu gjaldskráa á liðnu ári eða 2%. Umrædd hækkun var gefin út sem viðmið en misjafnt er hversu miklar breytingar eru á einstökum gjaldskráum. Það er markmið sveitarfélagsins að standast samanburð við önnur sveitarfélög þegar kemur að gjaldskráum

Þá eru nokkrar gjaldskrár sveitarfélagsins tengdar byggingavísitölu.

### **Laun og launatengd gjöld:**

Launaáætlun ársins 2017 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 3.104 m.kr. hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2017. Þar af eru 176 m.kr. vegna reiknaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 eru laun og launatengd gjöld áætluð með viðaukum ársins samtals 3.048 m.kr. og þar af var reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga 169 m.kr. Laun og launatengd gjöld fyrir samstæðu í útgönguspá fyrir árið 2016 eru nú áætluð um 3.016 m.kr.

### **Almennir rekstrarliðir:**

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta fyrir utan afskriftir nemi samtals 1.903 m.kr. á árinu 2017 og hækka um 78 m.kr. eða um 4,3% á milli ára. Gert er ráð fyrir að veitt verði áfram framlag úr A hluta til félagslegra íbúða, úr málaflokki 02 (Félagsþjónusta), að fjárhæð 38 m.kr. vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs húsnæðis.

### **Afskriftir:**

Afskriftir fastafjármuna nema samtals 445 m.kr. í áætlun ársins 2017 og hækka um 6 m.kr. á milli ára. Afskriftir í A hluta eru áætlaðar 213 m.kr.

### **Fjármagnsliðir:**

Vaxtakostnaður í áætlun ársins 2017 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 3,9% á milli áruna 2016 og 2017 í samræmi við þjóðhagspá Hagstofu Íslands að vori 2016. Fjarðabyggð skuldar ekki lengur nein erlend lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum.

Langtímalán innan samstæðu þ.e. á milli A og B hluta eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

## 1.4. Fjárfestingaáætlun 2017

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2017 nema samtals 710 m.kr. í A hluta og B hluta og greinast með neðangreindum hætti:

- a) Eignasjóður 203 m.kr. Helstu verkefni á árinu verða uppgjör á byggingarkostnaði nýs hjúkrunarheimilis á Eskifirði, kaupum á nýjum snjótroðara fyrir skíðasvæðið í Oddskarði, gatnaframkvæmdum, ofanflóðavörnum í Neskaupstað og á Eskifirði, framkvæmdum við skólamiðstöðina á Fáskrúðsfirði, hönnun á stækkun leikskólanna á Eskifirði og Reyðarfirði auk frágangi á umferðarmannvirkjum við leikskólann Eyrarvelli í Neskaupstað. Einnig eðlilegri endurnýjun á ýmsum bifreiðum og tækjum Fjarðabyggðar.
- b) Hafnarsjóður 416 m.kr. Stærstu verkefni hjá hafnarsjóði eru í Fáskrúðsfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn, Norðfjarðarhöfn auk smærri verkefna m.a. við grjóttarnir
- c) Hitaveita Fjarðabyggðar 20 m.kr. Meginverkefni hitaveitu verður um betri nýtingu bakrásarvatns úr dreifikerfi veitunnar á Eskifirði.
- d) Rafveita Reyðarfjarðar 10,5 m.kr. Helstu verkefni hennar eru við stíflumannvirki og rafstöð auk styrkingar á dreifikerfi veitunnar á Reyðarfirði.
- e) Fráveita 30 m.kr. Helstu verkefni hennar eru áætluð við fráveitu á Krókaleiru á Eskifirði, ýmsar útrásir í Fjarðabyggð auk fráveitu í Skólavegi á Fáskrúðsfirði.
- f) Vatnsveita 25 m.kr. Helstu verkefni hennar verða við endurnýjun á asbetslögnum í dreifikerfi veitunnar á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað auk vatsveitu í Skólavegi á Fáskrúðsfirði.
- g) Sorpmiðstöð 5,5 m.kr. Helsta verkefni miðstöðvarinnar verður við byggingu ramps í móttökustöðinni á Eskifirði.

Nánar er fjallað um fjárfestingar í starfsáætlunum einstakra sviða fjárhagsáætlunarinnar.

## 1.5. Samandregnar niðurstöður fjárhagsáætlunar 2017

Á næstu blaðsíður getur að líta töflu sem lýsir helstu afkomutölum og efnahagsstærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2017 fyrir A hluta og samstæðu í samanburði við ársreikning ársins 2015 og vænta útkomuspá fyrir árið 2016.

Áætluð lántaka á árinu 2017 er vegna endurfjármögnunar á erlendu láni sem greitt var upp samkvæmt lánasamningi á árinu 2016. Uppgreiðslan nam um 650 m.kr. og var fjármögnuð með skammtímaláni fram á árið 2017. Áætlunin gerir ráð fyrir að þetta skammtímalán verði fjármagnað með nýju langtímaláni á árinu 2017. Miklar afborganir af langtímalánum skýrir að mestu að veltufjárhlutfall Fjarðabyggðar er áætlað um 0,7 í árslok 2017.

Áætlað er að skuldaviðmið Fjarðabyggðar verði 123% í árslok 2017 fyrir samstæðu en 148% fyrir A hlutan einan og sér eins og sjá má í töflu hér að neðan. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum. Fjarðabyggð gerði í samráði við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2012 áætlun um að þessu markmiði um skuldaviðmið A og B hluta yrði náð á árinu 2018. Annað skilyrði sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði hefur Fjarðabyggð náð og mun halda.

|                          | 2015   | 2016*  | 2017*  |
|--------------------------|--------|--------|--------|
| Skuldahlutfall A+B hluta | 155,5% | 145,9% | 137,6% |
| Skuldahlutfall A hluta   | 195,2% | 174,7% | 166,3% |
| Skuldaviðmið A+B hluta   | 141,2% | 131,1% | 123,4% |
| Skuldaviðmið A hluta     | 176,3% | 155,9% | 148,0% |

Niðurstöður þessarar fjárhagsáætlunar sýna að Fjarðabyggð mun uppfylla flest öll þau lágmarksviðmið sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sett, s.s. um framlegð af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af lánum og skuldbindingum og endurgreiðslutíma skulda. Eina frávikið sem þessi áætlun sýnir snýr að veltufjárhlutfallinu sem verður undir lágmarksviðmiði sem má rekja til þunga í afborgunum af langtímalánum samstæðunnar. Samspil nýrra fjárfestinga ásamt fjárfestingum á mótí veltufé frá rekstri uppfyllir lágmarksskilyrði nefndarinnar því óverulegur hluti greiðslu afborgana og fjárfestinga er fjármagnaður með lántöku. Eina viðmiðið sem Fjarðabyggð uppfyllir ekki er veltufjárhlutfallið. Veltufjárhlutfallið er áætlað 0,7 í árslok 2017 fyrir samstæðu.

## Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir

| A hluti:                                   | Ársreikn.<br>2015         | Útgönguspá<br>2016         | Áætlun<br>2017         |
|--|---------------------------|----------------------------|------------------------|
| Heildartekjur.....                         | 4.373.573                 | 4.598.190                  | 4.736.938              |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði.....            | 239.812                   | 202.987                    | 275.258                |
| Rekstrarniðurstaða .....                   | 28.555                    | 7.039                      | 495                    |
| Handbært fé í árslok.....                  | 588.042                   | 254.312                    | 149.757                |
| Eigið fé.....                              | 185.280                   | 192.319                    | 192.814                |
| Skuldir og skuldbindingar.....             | 8.537.031                 | 8.033.500                  | 7.879.506              |
| Handbært fé frá rekstri.....               | 428.404                   | 362.556                    | 438.979                |
| Fjárfestingar.....                         | ( 357.060 )               | ( 352.000 )                | ( 203.000 )            |
| Langtímafr. á eigin fyrirtæki, breyt.....  | 31.692                    | 34.060                     | 27.613                 |
| Afborganir langtímalána.....               | ( 1.138.796 )             | ( 983.977 )                | ( 331.211 )            |
| Tekin ný langtímalán.....                  | 844.310                   | 26.000                     | 205.000                |
| Breyting á handbæru fé (lækkun).....       | 64.691                    | ( 333.730 )                | ( 104.555 )            |
| Framlegð sem hlutfall af tekjum.....       | 10,4%                     | 9,2%                       | 10,3%                  |
| Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum..... | 9,4%                      | 8,7%                       | 10,1%                  |
| Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....  | 0,4                       | 0,4                        | 1,4                    |
| Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....    | 9,9%                      | 0,3%                       | 2,6%                   |
| Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....   | 4,2%                      | 4,4%                       | 2,6%                   |
| Endurgreiðslutími skulda.....              | 7                         | 8                          | 24                     |
| Veltufjárlutfall.....                      | 0,4                       | 0,3                        | 0,2                    |
| <b>A + B hluti:</b>                        | <b>Ársreikn.<br/>2015</b> | <b>Útgönguspá<br/>2016</b> | <b>Áætlun<br/>2017</b> |
| Heildartekjur.....                         | 5.827.744                 | 5.927.532                  | 6.164.888              |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði.....            | 843.460                   | 646.579                    | 712.062                |
| Rekstrarniðurstaða .....                   | 614.448                   | 372.735                    | 318.958                |
| Handbært fé í árslok.....                  | 590.411                   | 254.312                    | 149.757                |
| Eigið fé.....                              | 3.187.679                 | 3.560.415                  | 3.879.372              |
| Skuldir og skuldbindingar.....             | 9.064.820                 | 8.646.626                  | 8.485.555              |
| Handbært fé frá rekstri.....               | 1.171.850                 | 983.426                    | 1.067.338              |
| Fjárfestingar .....                        | ( 641.522 )               | ( 725.500 )                | ( 703.000 )            |
| Langtímafröfur breyting.....               | 11.505                    |                            |                        |
| Afborganir langtímalána.....               | ( 1.317.031 )             | ( 1.270.026 )              | ( 483.893 )            |
| Tekin ný langtímalán.....                  | 844.310                   | 26.000                     | 665.000                |
| Breyting á handbæru fé (lækkun).....       | 56.542                    | ( 336.100 )                | ( 104.555 )            |
| Framlegð sem hlutfall af tekjum.....       | 21,9%                     | 18,3%                      | 18,8%                  |
| Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum..... | 20,1%                     | 17,3%                      | 18,0%                  |
| Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....  | 0,9                       | 0,8                        | 2,3                    |
| Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....    | 9,3%                      | 0,3%                       | 7,8%                   |
| Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....   | 7,1%                      | 8,4%                       | 8,3%                   |
| Endurgreiðslutími skulda.....              | 7                         | 7                          | 18                     |
| Veltufjárlutfall.....                      | 0,6                       | 0,5                        | 0,7                    |

## 1.6. Rekstrarreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2017

| Samstæðuyfirlit Fjarðabyggðar                  |                   |                   |                |                   |                   |                |
|--|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|-------------------|----------------|
|  | A hluti           |                   |                | A og B hluti      |                   |                |
|  | Rauntölur<br>2015 | Útkomuspá<br>2016 | Áætlun<br>2017 | Rauntölur<br>2015 | Útkomuspá<br>2016 | Áætlun<br>2017 |
| <b>Rekstrarreikningur</b>                      |                   |                   |                |                   |                   |                |
| <b>Tekjur:</b>                                 |                   |                   |                |                   |                   |                |
| Skatttekjur.....                               | 3.126.458         | 3.321.331         | 3.433.994      | 3.112.521         | 3.306.809         | 3.418.746      |
